

Sturla Ómarsson stjórnarformaður Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna setti fundinn og bauð sjóðfélaga velkomna. Hann gerði tillögu um að Rafn Jónsson yrði kosinn fundarstjóri og Unnur Elín Jónsdóttir Eignastýringu Arion banka myndi rita fundargerð. Tillagan var samþykkt.

Fundarstjóri lagði til að liðirnir um ársreikninginn og fjárfestingarstefnuna yrðu tekin saman og á eftir honum yrði farið yfir tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Ekki voru gerðar athugasemdir við það. Fundurinn var lýstur lögmaður og gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar

Sturla Ómarsson formaður stjórnar EFÍA:

Kæru félagar

Þegar við lítum yfir árið 2020 þá held ég að það verði ár sem verði lengi í minnum haft þar sem heimsfaraldur náði að breyta lífi og viðhorfi okkar allra.

Aðstæður okkar allra, hvort sem það var í einkalífi eða atvinnuverkefnum breyttust gríðarlega og ég held að ég geti fullyrt að sjóðfélagar EFÍA hafi hlutfallslega orðið einna mest fyrir barðinu á þeirri niðursveiflu sem einkenndi atvinnulíf íslendinga árið 2020.

En hver þekkir ekki orðtiltækið “ fljótt skipast veður í loft” og merkingu þessu.

Með þessu orðtiltæki held ég að mér takist nokkuð vel að lýsa rekstrarárinu 2020 hjá Eftirlaunasjóði Íslenskra atvinnuflugmanna. Ég stóð hér fyrir ári og fór yfir gríðarlega góða ávöxtun ársins 2019 sem var þriðja besta rekstrarár í sögu sjóðsins.

En þegar tveir og hálfur mánuður var liðinn af síðastliðnu rekstrarári hafði öll þessi ávöxtun þurrkast upp þar sem fyrstu áhrif Covid á markaði voru með slíkum hætti.

Hver hefði trúað því á þeim tímapunkti, þ.e.a.s. þann 15. mars 2020, að þegar rekstrarárið 2020 yrði gert upp yrði það með betri árum sjóðsins þegar kemur að rekstri og afkomu.



1 16

Árið 2020 skilaði sjóðnum tæplega 9% raunávöxtun og meðaltalávöxtunar síðastliðin 5 ár er 4,42% og síðastliðin 10 ár 5,38% sem er vel yfir því viðmiði sem íslenskum lífeyrissjóðum er sett samkvæmt lögum til að standa skil á skuldbindingum sínum.

Ávöxtun allra flokka í safninu var jákvæð og var nokkuð jafnt framlag frá öllum flokkum safnsins en safnið stóð í árslok í rétt tæpum 50 milljörðum króna en það samsvarar til tæplega eins prósentu hluta af heildareignum lífeyrissjóða á Íslandi.

Þessi góða rekstrar niðurstaða hafði einnig mjög jákvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins en í árslok var hún jákvæð sem nemur 4,6% og hafði hækkað úr 3,9% frá árinu áður. Eins og ég hef fjallað áður um á ársfundum sjóðsins eru hins vegar blikur á lofti varðandi tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.

Ein stærst þeirra er að lífaldur Íslendinga er að aukast jafnt og þétt og síðastliðin 50 ár hefur lífaldur aukist um tæp 7 ár. Það er gríðarlega jákvætt og við skulum fagna því að fólk skuli vera að lifa lengur en verðum engu að síður að vera meðvituð um að það hefur þau áhrif að skuldbindingar lífeyrissjóða mun aukast að öllu óbreyttu.

Tryggingafræðileg staða hefur verið reiknuð út með þeim hætti að miða við lífaldur þeirra sem falla frá síðastliðin 5 ár. Nú vofir yfir okkur að þeirri aðferðarfræði verði breytt og miðað verði við framtíðarspá varðandi lífaldur okkar. Þegar slík spá verður notuð til viðmiðunar er ljóst að það mun hafa töluverð áhrif á tryggingafræðilega stöðu.

Kæru félagar

Umræða hefur átt sér stað í þjóðfélaginu að núverandi 3,5% krafa sem lífeyrissjóðum er skylt að ná beri að lækka.

Ef ávöxtunarkrafa á lífeyrissjóði verður lækkuð mun það einnig hafa nokkuð mikil áhrif á tryggingafræðilega stöðu. Ef skuldbindingar verða núvirtar með 3% kröfu í stað 3,5% mun það hafa rétt um 8% neikvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu.

Hafa ber í huga í þessu samhengi að núverandi vextir eru út um allan heim í sögulegu lágmarki og því tel ég ekki rétt að endurskoða þessa kröfu á þessum tímamarki þó slíkt verði gert í komandi framtíð.



Stýrisvextir Seðlabanka Íslands voru einnig í sögulegu lágmarki á árinu en þeir höfðu lækkað úr 3% í 0,75% í árslok.

Í slíku lágvaxtaumhverfi felast ýmsar áskoranir, t.d duga tryggjar eignir sem gáfu áður fyrr góða ávöxtun skammt í dag til að standa undir því viðmiði sem okkur er ætlað samkvæmt lögum.

Undanfarin ár hafa því verið gerðar töluverðar breytingar á fjárfestingarstefnu sjóðsins án þess að auka áhættuna of mikið. En þar helst að nefna að hlutfall ríkisskuldabréfa í eignasafni sjóðsins hafa lækkað mikið, eða úr rúmlega 50% af eignasafni sjóðsins í rétt tæplega 15% en að sama skapi hafa eignir í fasteignaverðtryggðum skuldabréfum og skuldabréfum sveitafélaga aukist eitthvað á móti.

Afnám fjárnámshaft hefur einnig haft gríðarlega áhrif á þessar breytingar en í dag erum við með um 35% af eignasafni sjóðsins í erlendum gjaldeyri og gætum við þess að hafa þessar eignir í vel dreifðu eignasafni sem mun vonandi skila sjóðnum góðri ávöxtun til lengri tíma.

Rétt er að nefna að lífeyrissjóðum er einungis heimilt að fjárfesta erlendis fyrir að hámarki 50% af eignum sínum en í samanburði er áhugavert að horfa til Norska olíusjóðsins en hann er með langstærsta hluta eigna sinnar í erlendum fjárfestingum og tel ég nokkuð ljóst að ríkisvaldið verði á komandi misserum að gera breytingar með þeim hætti að lífeyrissjóðum verði í ríkari mæli heimilt að fjárfesta erlendis.

2. Ársreikningur kynntur

Snædís Ögn Flosadóttir framkvæmdastjóri fór yfir ársreikning sjóðsins. Hún sagði frá upplýsingargjöf til sjóðfélaga á árinu og hvatti alla sjóðfélaga til að skrá sig á fréttaveitu EFÍA.

Snædís fór yfir breytingu á hreinni eign frá árinu 2019 yfir á 2020, hrein eign til greiðslu lífeyris hækkaði um 14,5 % á milli ára og var í lok árs 49,9 milljarðar. Snædís sýndi breytingu á hreinni eign frá árinu 2013 – 2020. Snædís fór yfir efnahagsreikning og sjóðstreymi miðað við stöðu 31. desember 2020. Hún fór yfir iðgjöld, lífeyri og rekstrarkostnað á árinu 2020. Handbært fé í lok árs var milljónir króna. Iðgjöld lækka um 19,7% á milli ára en lækkun var viðbúin í ljósi ástandsins. Greiddur ellilífeyrir hækkaði um



3

6,4% á milli ára og hreinar fjárfestingartekjur hækkuðu um 14,1% á milli ára. Snæðis fór yfir sjóðstreymið, þróun á hreinni eign til greiðslu lífeyris Hrein eign til greiðslu lífeyris hækkaði um 14,5% á milli ára.

Snæðis fór yfir helstu skýringar í ársreikningnum. Skýringu nr. 3.1 sundur liðun á greiddum lífeyri. 5,4% hækkun á milli ára á greiddum lífeyri.

Skýring nr. 5.1 hækkuð upp á 1.2% á heildar liðnum skrifstofu og stjórnunarkostnaðar. Laun og launatengd gjöld hækka lítið á milli ára.

Skýring nr. 8, Snæðis vakti athygli sjóðfélaga á þeirri skýringu, þar eru raktar allar þær áhættur sem lífeyrissjóðurinn stendur frami fyrir. Einnig áhugaverð skýring um lífeyristryggingaáhættu..

Snæðis fór yfir helstu kennitölur í reikningnum, hrein raunávöxtun er tæp 9% og síðustu fimm ár var hún 4,5% og síðustu 10 ár 5,38%.

Minni breyting varð á milli ára á meðalfjölda greiðandi sjóðfélaga en búist var við, má rekja það til að samþykktabreytingar sem gerð var á síðasta ári, þ.e.a.s. að þeir sem tímabundið eru að missa vinnu í fluginu geta greitt inn í sjóðinn af öðrum tekjum.

3. Fjárfestingarstefna

Hjörleifur Arnar Waagfjörð forstöðumaður Eignastýringar fagfjárfesta Arion banka fór yfir þróun markaða, ávöxtun, eignasamsetningu og fjárfestingarstefnu EFÍA 2021. Raunávöxtun var tæpar 8,7% á árinu 2020. Hjörleifur fór yfir niðurbrot ávöxtunar, erlend hlutabréf gáfu mestan hluta ávöxtunar safnsins sem og innlend hlutabréf.

Hjörleifur fór yfir raunávöxtun sjóðsins til lengri tíma lítið, frá 1997 – 2020, meðal raunávöxtunin á því tímabili var 3,6%. 15 ára ávöxtun á ári 3%.

Hjörleifur fór yfir ávöxtun EFÍA samanborið við aðra lífeyrissjóði, sýndi þróun á hlutfalli erlendra eigna sjóðsins, stjórnin hefur auka vægi erlendra eigna í fjárfestingastefnu sjóðsins. Stefnan á árinu 2021 er 35% erlendum eignum. Mikil breyting hefur átt sér stað á erlendu eignasafni sjóðsins síðustu ár, en sú breyting hefur tekist mjög vel til.

Hjörleifur ræddi hlutfall sjóðfélagalána EFÍA á móti lánveitinga lífeyriskerfis í heild. Því næst fór Hjörleifur yfir eignasamsetningu sjóðsins, sundurliðun skuldabréfa og hlutabréfa. Hjörleifur fór yfir helstu eignir ársins 2020 og ræddi eign sjóðsins í Icelandair group, bæði beint og óbeint í gegnum sjóði.

Að lokum fór Hjörleifur yfir þróun markaða það sem af er ári 2021 og ávöxtun eignasafns á sama tíma. Hann fór yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins vega ársins 2021. Helstu breytingar á fjárfestingarstefnunni á milli á ára voru að hlutfall erlendra fjárfestinga var aukið. Fjölbreytni erlends eignamengis breikkað, aukið vægi erlendra hlutabréfa og aukið vægi sérhæfðra erlendra fjárfestinga. Vægi innlendra hlutabréfa í heild er óbreytt en vægi innlendra óskráðra hlutabréfa heldur. Innan skuldabréfasafns er sett aukin áhersla á skuldabréf sveitafélaga og skuldabréf traustra fyrirtækja. Vikmörk er aðlöguð í samræmi við fyrrnefndar áherslubreytingar.

Hjörleifur sýndi samanburð á fjárfestingarstefnum samtryggingadeilda helstu lífeyrissjóða landsins í samanburði við stefnu sjóðsins.

Fundarstjóri bað fundarmenn að kynna sig og gaf orðið laust.

Engar athugasemdir voru gerðar.


Ársreikningur samþykktur samhljóða.

4. Tryggingafræðileg úttekt

Vigfús Ásgeirsson fór yfir tryggingafræðilega athugun m.v. árslok 2020. Hann gerði grein fyrir þeim gögnum sem lágu fyrir við matið, sem fengin voru úr Kríu kerfi FUGLA ehf.

Vigfús sagði að hann tók þá sjóðfélaga sem greiddu í sjóðinn, sjóðfélagana með geymd réttindi og lífeyrisþegar m.v. lok árs 2020. Ég er bara að reikna hvað sjóðurinn þarf að eiga mikinn pening til að geta greitt út sjóðfélögum lífeyri. Við reiknum framtíðarstöðu, sem gert er með ákveðnum forsendum. Við gerum ráð fyrir að sjóðurinn nái 3,5% ávöxtun. Sjóðurinn hefur náð þessu mjög vel. Lífslíkur eru staðlaðar.

Áreiðaleiki gagnanna var kannaður með ítarlegum samanburði við gögn síðustu ára og tölur úr ársreikningi. Vigfús sagði að verið væri að meta eignir og áætlun skuldbindinga EFÍA. Helstu forsendur væru árleg raunávöxtun 3,5%, lífslíkur áranna 2014-2018 og 100% af íslenskum örorkulíkum hjá konum



og körlum. Úttektin sýnir að heildarstaða sjóðsins er jákvæð um 3 milljónir, í hlutfalli af skuldbindingum 4,6%.

Vigfús fór yfir álagspróf, áhrif breyttra forsendna á sjóðinn. Hann fór yfir fjölda, aldur og réttindi sjóðfélaga. Lögjöld eftir aldri sjóðfélaga og að lokum sögulega þróun sjóðsins á heildarstöðu frá árinu 2007 til 2020.

Fundarstjóri bað fundarmenn að kynna sig og gaf orðið laust.

Páll Stefánsson, mig langar til að spyrja Vigfús sem helst getur svarað, það var mikill niðurskurður í eftirlaunum flugmanna, eftir hrun og ekkert leiðrétt til ellilífeyrissþega. Hvað þarf til að sá niðurskurður yrði leiðréttur af einhverju leyti. Það er búið að taka mögulega aldurshækkun inn í reikninginn, er markmiðið að safna 100 milljörðum án þess að eitthvað er gert. Þessir sjóðir taka endalaust við. Af hverju ætti ekki að greiða til þeirra sem bjuggu til þessa sjóði.

Vigfús sagði að þetta væri ákvörðun stjórnar hvort að hún hækki réttindi á milli ára.

Sturla, það var um 38% skerðing. Réttindi voru aukin um 3% 2016 og er okkar sjóður einn af fáum sjóðum sem hefur aukið réttindi eftir áfallið 2008. Við Stjórnin fór meir að segja á móti ráðleggingum tryggingastærðfræðings og jók réttindi.

Sturla fór yfir glæru um spá mv. lífslíkur með framtíðarspá. Við sjáum að framtíðarskuldbindingar fari í 9,4%, af hverju það? Því að það er vegna þess að hún hækkar sem því nemur. Verðum búin að ná toppnum 2050.

Guðmundur, það var líka verið að spyrja um skerðingar.

Vigfús sagði að það lentu vel flestir ef ekki allir í skerðingum í hruninu EFÍA og Lífeyrissjóður verkfræðinga fóru einna verst út úr því.

Vigfús hélt áfram yfirferð sinni. Spá um lífslíkur, það er búið að taka þetta upp víða erlendis. Við ætluðum að taka þetta upp 2015, en það var ekki gert vegna aðstæðna LSR. Við reiknum með aðeins minni lækkun á dánartíðninni. Við vörpun reynslu á undangenginna ára á framtíðina. Svona spá verður ekki eilíf, hún er gerð á 5 ára fresti.

 6 16

Það er hluti að skýringunni að við höfum ekki hækkað lífeyri þegar að hækkun á lífaldri hefur komið inn í töflurnar.

5. Tillaga stjórnar til breytingar á samþykktum sjóðsins

Snædís fór yfir tillögur á samþykktabreytingum sjóðsins. Um var að ræða breytingar á fjörum megin atriðum. Snædís fór yfir þær, sjálfstæðistjórnar, breytingar á hvernig endurskoðandi er valinn, breytingar á atkvæðisrétt á ársfundi.

BREYTINGARTILLÖGUR STJÓRNAR Á SAMÞYKKTUM EFTIRLAUNASJÓÐS FÉLAGS ÍSLENSKRA ATVINNUFLUGMANNA LAGÐAR FRAM FYRIR ÁRSFUND SJÓÐSINS 3. JÚNÍ 2021 ÁSAMT SKÝRINGUM

Breytingar þær sem hér eru lagðar fram snúa að 4., 5. og 15. gr. samþykktta sjóðsins.

Megin inntak breytinga á 4. gr. snúa að umboði og sjálfstæði stjórnarmanna. Þá er í 5. gr. lagðar til breytingar er snúa að ársfundi sjóðsins, atkvæði sjóðfélaga á fundinum sem og kjöri endurskoðanda. Að lokum er skerpt á orðalagi er snýr að skiptingu réttinda í 15. gr. samþykktta sjóðsins.

*Viðbótartillögur við samþykktirnar eru auðkenndar með **rauðu letri og undirstrikun** og sá texti sem lagt er til að verði eytt, er auðkenndur með **rauðu letri og yfirstrikun**.*

1. Tillögur til breytinga á 4. gr. (umboð og sjálfstæði stjórnarmanna, tilhögun ef aðalmaður hættir í stjórn, kosning endurskoðanda)

4. gr.

Stjórn.

- 4.1. Stjórn sjóðsins skipa fimm menn, og fimm varamenn. Tveir aðalmenn og tveir varamenn skulu tilnefndir af atvinnurekendum í hlutfalli við iðgjaldagreiðslur þeirra til sjóðsins, þrír aðalmenn og þrír varamenn skulu kjörnir af sjóðfélögum. Stjórnarkjör skal fara fram með rafrænni kosningu sjóðfélaga, sbr. gr. 4.2, til tveggja ára í senn. Hið fyrra ár skal kjósa einn aðalmann og tvo varamenn og seinna árið tvo aðalmenn



og einn varamann. Stjórnarmaður getur hvenær sem er sagt sig úr stjórn og skal segja sig úr stjórn bresti hann hæfi samkvæmt lögum eða samþykktum þessum. Óheimilt er að afturkalla umboð stjórnarmanns á kjörtímabilinu, nema hann bresti hæfi til að gegna stjórnarsetu samkvæmt lögum eða samþykktum þessum. Tilkynna skal stjórn sjóðsins með formlegum hætti rökstudda ákvörðun þess efnis með tilvísun í viðeigandi lagaákvæði eða samþykktir. Þurfi aðalmaður eða varamaður að stíga til hliðar skal kjósa á næsta aðalfundi til þess tíma sem eftir stóð af stjórnarsetu viðkomandi ef viðkomandi var kjörinn af sjóðfélögum. Ef viðkomandi var tilnefndur af atvinnurekendum skulu atvinnurekendur tilnefna nýjan aðila á næsta aðalfundi. Um slík kjör og tilnefningar gilda ákvæði samþykpta þessa eins og við á.


~~4.1.a Sérákvæði er varðar upphaf framkvæmda kosninga: Á ársfundi sjóðsins 2019 skal kjósa tvo aðalmenn og einn varamann úr röðum sjóðfélaga. Stjórn FÍA skipar þá áfram til eins árs einn aðalmann og tvo varamenn. Á ársfundi sjóðsins 2020 skal kjósa einn aðalmann og tvo varamenn úr röðum sjóðfélaga enda lýkur kjörtímabili þeirra tveggja sem FÍA skipaði til eins árs á ársfundi 2019.~~

4.4 Stjórnin kys sér sjálf formann og varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum og ákveður röðun varamanna 1.,2.,3. sem taka sæti í forföllum aðalmanna. Stigi aðalmaður niður fyrir lok kjörtímabils skal varamaður taka sæti fram að næsta ársfundi. Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins í samræmi við lög um starfsemi lífeyrissjóða, reglugerðir settum samkvæmt þeim og samþykktir þessar.

4.5 Stjórninni er skylt að halda gerðabók og færa í hana allar samþykktir sínar. Stjórnarsamþykkt er því aðeins lögleg að a.m.k. þrjár stjórnarmenn greiði henni atkvæði eða varamenn í þeirra fjarveru.

4.6 Stjórn sjóðsins hefur heimild til að tryggja áhættudreifingu vegna lífeyrisskuldbindinga sinna í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn mun kaupa sér tryggingu hjá tryggingafélagi með starfsleyfi hér á landi eða gerast aðili að örorkusamkomulagi við aðra lífeyrissjóði þar til sjóðurinn hefur náð því marki að greiðandi sjóðfélagar verði að minnsta kosti 800 eða þar til önnur fullnægjandi og betri leið samkvæmt mati stjórnar fæst samþykkt af Fjármálaeftirliti Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (hér eftir „Fjármálaeftirlitið“) til að tryggja áhættudreifinguna.

4.7. Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Stjórninni er heimilt að láta verðbréfafyrirtæki eða fjármálaefyrirtæki annast framkvæmdastjórn sjóðsins að hluta eða öllu leyti. Stjórn sjóðsins ræður forstöðumann endurskoðunardeildar eða semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila til að annast athugun á innra eftirliti. Stjórnin leggur fram tillögu að endurskoðanda við ársfund sjóðsins að fenginni tillögu frá endurskoðunarnefnd. velur endurskoðanda Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu hans, setja reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinnslu, og

 8 6

ráðstöfun eigna sjóðsins. Þá skal stjórnin setja verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna og fá þær staðfestar af Fjármálaeftirlitinu.


- 4.9. Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar skal framkvæmdastjóri aðeins gera með sérstakri ákvörðun stjórnar eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Sé ekki unnt að bera meiriháttar ákvarðanir undir stjórnarfund, skal haft samráð við formann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir föngum. Slíkar ákvarðanir skal síðan ~~færa til bókar taka fyrir~~ á næsta stjórnarfund.
- 4.14. Um hæfi stjórnarmanna til meðferðar máls fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga. Stjórnarmönnum og eftir atvikum starfsmönnum er skylt að upplýsa um aðstæður sem kunna að valda vanhæfi. ~~Skal þá varmaður taka sæti aðalmanns meðan fjallað er um málið.~~
- 4.15. Stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóri og aðrir þeir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra eða á kostnað sjóðsins. Stjórnarmenn skulu taka sjálfstæðar ákvarðanir eftir eigin sannfæringu í hverju máli fyrir sig og starfa í samræmi við lög og reglur sem um lífeyrissjóði gilda sem og samþykktar starfs- og siðareglur stjórnar. Þeir skulu einnig gæta þagmælsku um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu fyrir sjóðinn og varða kann hagsmuni einstaklinga eða fyrirtækja og annað það er leynt á að fara eftir eðli máls.

Rökstuðningur:

Með breytingunni á gr. 4.1 og 4.4 er lagt til að óheimilt verði að afturkalla umboð stjórnarmanns á kjör- eða skipunartímabili nema stjórnarmann bresti hæfi skv. lögum eða samþykktum til að gegna stjórnarsetu. Þá er því lýst hvernig staðið skuli að slíkri afturköllun og jafnframt tekið á því að annar stjórnarmaður komi ekki í hans stað fyrr en á næsta ársfundi og varamaður taki sæti hans fram að því. Þá er samhliða tekið upp í samþykktir þessar að stjórnarmaður geti stigið til hliðar að eigin frumkvæði og skuli gera slíkt bresti hann hæfi. Breytingin er lögð til m.a. í framhaldi af dreifibréfi Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og í kjölfar þess athugunar stofnunarinnar á því hvort sjálfstæði stjórnarmanna lífeyrissjóða sé nægilega tryggt í samþykktum þeirra. Með breytingartillögunni er skerpt á ákvæðum samþykta sjóðsins um það hvort, hvernig og með hvaða hætti umboð stjórnarmanna verður afturkallað. Í breytingatillögum á gr. 4.15 er svo skerpt enn frekar á sjálfstæði stjórnarmanna.

Grein 4.1.a er sérákvæði er varðaði framkvæmd kosninga til stjórnar hið fyrsta ár. Sú framkvæmd er nú liðin og því ekki lengur þörf á sérákvæði þar um, ákvæðið er því fellt út úr samþykktum.

Með breytingu á gr. 4.7 er skerpt á því að stjórn leggur fram tillögu um endurskoðanda sjóðsins byggt á tillögum frá endurskoðunarnefnd.


9

Breytingar á greinum 4.5, 4.6, 4.9 og 4.14 eru til þess gerðar á skerpa á orðalagi og þarfnast ekki frekari skýringa.

2. Tillögur til breytinga á 5. gr. (atkvæðisréttur, kosning endurskoðanda)

- 5.2. Atkvæðisrétt á ársfundi eiga sjóðfélagar sem greiða eða greitt er af til sjóðsins eða eiga geymd réttindi vegna iðgjaldagreiðslna ~~í 2-ár~~ og fer hver með eitt atkvæði. Við atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé kveðið á um í samþykktum þessum. Um stjórnarkjör fer í samræmi við gr. 4.
- 5.3. Á ársfundi skal gerð grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningum, tryggingafræðilegum úttektum, fjárfestingarstefnu, ~~vali á endurskoðanda og~~ tillögum sjóðstjórnar á endurskoðanda og breytinga á samþykktum sjóðsins. Á fundinum skal jafnframt tilkynnt um stjórnarlaun, stjórnarkjör sem fram fer skv. gr. 4.2 kynnt og greint frá tilnefningu aðalmanng og varamanna atvinnurekanda í samræmi við 4. gr. Tillögur til ályktunar um önnur mál, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund. Ársfundur kys sér fundarstjóra.

Rökstuðningur:

Með breytingunni á gr. 5.2 er atkvæði sjóðfélaga á ársfundum fært til samræmis við skilgreiningu samþykktu í gr. 3.1 á því hverjir teljast sjóðfélagar og gr. 4.2 um kosningarétt í rafrænum kosningum.


Með breytingunni á gr. 5.3 er skerpt á því að ársfundur sjóðsins kys endurskoðanda sjóðsins að tillögu stjórnar.

3. Tillögur til breytinga á 15. gr. (skipting réttinda milla sjóðfélaga og maka)

15. gr.

Skipting réttinda milli sjóðfélaga og maka

- 15.1 Sjóðfélagi getur ákveðið að skipta ellilífeyrisréttindum á milli sín og maka síns í samræmi við 14. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðfélagi getur ákveðið skiptingu ellilífeyrisréttinda með eftirfarandi hætti:
- 15.2 Ef hann er ekki orðinn 65 ára og ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum, getur sjóðfélagi ákveðið að verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka, og skerðast þá réttindi sjóðfélagsins sem því nemur. Heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins skal ekki aukast við þessa ákvörðun sjóðfélagsins. Þessi skipting er ekki heimil nema um gagnkvæma skiptingu sé að ræða.


10

Rökstuðningur:

Með breytingunni er skerpt á orðalagi greinarinnar og þarfnast hún ekki frekari skýringa.

Guðmundur Ólafsson, af hverju má maki fær 50% réttindi, það má ekki liggja fyrir að komi upp á veikindi, fyrir 65 ára og þú ert ekki veikur.

Snædís sagði að það væri hægt að skipta á þrenna vegu. Skipta mætti áunnum réttindum og giltu þá um slíka skiptingu ákveðnar reglur samkvæmt lögum, skipta mætti framtíðarréttindum og svo mætti að lokum skipta greiðslum úr lífeyrissjóðum þegar þar að kæmi. Sú krafa um að skipta fyrir 65 ára aldurinn og að veikindi hafi ekki komið upp kemur beint úr lögnum.

6. Stjórnarkjör

Rafn Jónsson fór yfir stjórnarkjör sjóðsins. Stjórn EFÍA er skipuð fimm aðalmönnum og fimm varamönnum. Samkvæmt greinum 4.1 í samþykktum sjóðsins skulu sjóðfélagar nú kjósa tvo aðalmenn og einn varamann til stjórnarsetu í tvö ár. Að auki eiga svo sæti í stjórninni einn aðalmaður og tveir varamenn sem kjörnir voru 2020 til tveggja ára og tveir aðalmenn og tveir varamenn sem Icelandair tilnefnir til eins árs. Auglýst var eftir framboðum til stjórnar þann 20. apríl 2021 og lauk framboðsfresti þann 4. maí 2021. Að loknum framboðsfresti var farið yfir þau framboð sem bárust, ljóst var að framboð sem bárust námu þeim fjölda sæta sem kjósa átti um og því sjálfkjörið til stjórnar.

7. Skipun stjórnarmanna sem ekki eru kjörnir á ársfundi og laun stjórnarmanna

Sturla fór yfir skipun stjórnarmanna, tímann sem stjórnarmenn eiga eftir af sínu kjörtímabili og laun stjórnarmanna.

Kjörinn stjórnarmaður var Salvör Egilsdóttir. Kjörnir varamenn 2020 – 2022 voru Úlfar Henningsson og Arna Óskardóttir. Fulltrúar atvinnurekanda eru þau Sigrún Hjartardóttir og Magnús Jón Magnússon. Varamenn atvinnurekanda eru þau Ari Guðjónsson og Íris Hulda Þórisdóttir.



11

Sturla fór yfir óbreytt laun stjórnar frá fyrra ári.

Heildarlaun stjórnar á mánuði:

| | |
|-----------------------------|-------------|
| Formaður | 315.971 kr. |
| Varaformaður | 236.978 kr. |
| Stjórnarmaður | 157.985 kr. |
| Varamenn, ef þeir taka sæti | 157.985 kr. |
| Varamenn (fyrir hvern fund) | 50.555 kr. |

Laun endurskoðunarnefndar fyrir hvern fund:

| | |
|---------------|------------|
| Stjórnarmaður | 50.555 kr. |
|---------------|------------|

8. Val endurskoðanda

Rafn Jónsson fór yfir val á endurskoðanda sjóðsins. Fyrir liggur að endurskoðunarnefnd EFÍA hefur gert þá tillögu til stjórnar að Grant Thornton og endurskoðandinn Davíð Arnar Einarsson sem annaðist endurskoðun ársins 2020 verði valin að nýju. Stjórn hefur samþykkt þá tillögu og leggur hana hér með fyrir ársfund.


Engin er á móti því og skoðast því tillagan um val endurskoðanda samþykkt.

9. Önnur mál

Ekki var fleira rætt á fundinum.

Sturla tóka til máls í lok fundar, þakkar kærlega fyrir góðan fund.

Fundi slitið kl. 14:59



Rafn Jónsson
Fundarstjóri



Unnur Elín Jónsdóttir
Fundarritari